

Lýsing á ISCED-97 stigum, flokkunarskilyrðum og víddum

0	LEIKSKÓLASTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Önnur flokkunarskilyrði	Viddir	
	Fyrsta stig skipulagðrar kennslu sem felur í sér fyrst og fremst að kynna ungum börnum skólaumhverfi.	Námið fer fram í leikskóla eða grunnskóla og ætti að mæta þroska- og menntunarbörf barna sem eru þriggja ára hið minnsta. Starfsmenn skulu búa yfir fullnægjandi menntun til að sjá um skipulagt nám barnanna.	Uppeldisfræðileg menntun starfslíðs við kennslu. Starfsemin er á grundvelli námsskrár.		
1	BARNASKÓLASTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Önnur flokkunarskilyrði		
	Hefur að jafnaði þann tilgang að veita nemendum trausta grunnmenntun í lestri, skrift og reikningi. [Hér á landi er nám í 1.-7. bekk grunnskóla talið til barnaskólastigs.]	Upphaf skipulegs náms sem dæmigert er fyrir grunnskóla, s.s. í lestri, skrift og stærðfræði. Upphaf lestrarkennslu er ekki eitt og sér fullnægjandi skilyrði til að nám teljist á barnaskólastigi.	Í löndum þar sem skyldunám hefst síðar en skipulögð kennsla í áðurgreindum námsgreinum hefst, skal miða skil milli leikskólastigs og barnaskólastigs við aldursviðmiðun skyldunámsins.		
2	UNGLINGASTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Önnur flokkunarskilyrði	Stefna náms	Áhersla náms
	Framhald grunnskólanáms. Algengt er að kennslan sé frekar miðuð við tiltekna námsgreinar en á barnaskólastigi og að kennarar kenni á sínu sérsviði. [Hér á landi er nám í 8.-10. bekk grunnskóla talið til unglíngastigs.]	Nám í byrjun þessa stigs ætti að endurspeglar þau hvörf þegar skipulag náms fer í ríkara mæli að mótast eftir námsgreinum. Kennarar kenna námsgreinar sem þeir hafa sérþekkingu á. Ef færslan á milli barnaskóla- og unglíngastigs endurspeglar ekki formleg skil í skipulagi skólakerfis landsins, skal miða skiptingu milli stiga við það þegar skólakerfið fer að taka á sig ofangreind einkenni.	Ef engin skil eru til staðar í skólakerfinu skal skipta grunnskólanámi þannig að fyrstu sex ár grunnskólanáms teljist til barnaskólastigs. [Hér á landi hefur verið farið sú leið að telja fyrstu sjö ár grunnskólanáms til barnaskólastigs]. Í löndum þar sem engin skil eru á milli unglíngastigs og framhaldsskólastigs og þar sem nám á síðara stiginu er lengra en þrjú ár, skal einungis telja fyrstu þrjú ár náms að loknu barnaskólastigi til unglíngastigs.	A Námsskipan lýtur að undirbúningi nemenda fyrir nám á framhaldsskólastigi og háskólanám að því loknu; þ.e. námið veitir aðgang að námi á stigi 3A eða 3B. B Námsskipan miðast við undirbúning og veitir aðgang að námi á stigi 3C. C Námsskipan lýtur fyrst og fremst að því að veita aðgang að störfum á vinnumarkaði að námi loknu.	G Námsskipan gerir ekki sérstaklega ráð fyrir sérþjálfun til tiltekinnar starfa eða iðna, né til undirbúnings fyrir starfsnám. Minna en fjórðungur innihalds námsins er starfsnám. P Námsskipan miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá fyrir frekara starfsnám. Námið veitir ekki starfsréttindi á vinnumarkaði. Það er starfsnám að einum fjórðungi hið minnsta. V Námið miðar að því að undirbúa nemendur undir og veita beinan aðgang, án frekari þjálfunar, að tilteknum störfum. Námslok veita réttindi á vinnumarkaði á viðkomandi starfssviði.
3	FRAMHALDSSKÓLASTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Nám sem samanstendur af fleiri en einu valsviði (á ekki við íslenska skólakerfið)	Stefna náms	Áhersla náms
	Kennslan er alla jafna skipulögð eftir námsgreinum í ríkara mæli en á unglíngastigi og kennararnir hafa almennt meiri sérmenntun á fagsviði sínu. Það er mikill munur bæði innan landa og á milli þeirra á lengd náms á framhaldsskólastigi. Dæmigert er að nám á þessu stigi taki frá tveimur upp í fimm ár.	Skil innlenda skólakerfisins milli grunnskóla og framhaldsskóla ræður alla jafna skiptingu milli unglíngastigs og framhaldsskólastigs. Aðgangur að námi á framhaldsskólastigi krefst venjulega að námsmaður hafi lokið námi á unglíngastigi. Reynsla ásamt grunnnámi sem talin er fullnægjandi til að nemandi ráði við nám á framhaldsskólastigi getur þó veitt aðgang.	Í sumum löndum geta nemendur lokið námi á framhaldsskólastigi með því að velja námsleið sem er samsett úr fleiri en einu valsviði, s.s. fyrsta ár iðnnám, annað árið félagsfræðinám o.s.frv. Ólík samsetning valsviða getur þýtt að ekki er unnt að tilgreina stefnu náms eða áherslu þess m.t.t. hvort um almennt nám eða starfsnám er að ræða. Slíkt nám skal flokkað á framhaldsskólastig án þess að tilgreina stefnu þess eða áherslu.	A Námsskipan á ISCED-stigi 3A lýtur að því að veita aðgang að fræðilegu háskólanámi (5A). B Námsskipan á ISCED-stigi 3B miðast við að veita aðgang að starfsmiðuðu háskólanámi (5B). C Námsskipan á ISCED-stigi 3C miðar ekki að því að veita beinan aðgang að námi á háskólastigi. Nám á þessu stigi leiðir til starfa á vinnumarkaði, náms á viðbótarstigi eða frekara náms á framhaldsskólastigi.	G Námsskipan gerir ekki sérstaklega ráð fyrir sérþjálfun til tiltekinnar starfa eða iðna, né til undirbúnings fyrir starfsnám. Minna en fjórðungur námsinnihalds er starfsnám. P Námsskipan miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá fyrir frekara starfsnám. Námið veitir ekki réttindi á vinnumarkaði. Það er starfsnám að einum fjórðungi hið minnsta. V Nám sem undirbýr nemendur undir þátttöku á vinnumarkaði, án frekari þjálfunar, til að vinna tileikin störf. Námslok á þessu stigi veita tiltekin starfsréttindi á vinnumarkaði.

4	VIÐBÓTARSTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Tegundir náms sem falla á stig 4	Stefna náms	Áhersla náms
	<p>Nám á þessu stigi er á mörkum þess að teljast til framhaldsskólanáms og náms á háskólastigi í alþjóðlegu samhengi þótt skilgreining námsins sé oft skýr innan skólakerfis hvers lands.</p> <p>Í námi á þessu stigi eru ekki endilega gerðar meiri kröfur til nemenda en á framhaldsskólastigi. Námið hefur hins vegar þann tilgang að veita nemendum sem lokið hafa námi á því stigi breiðari þekkingu. Dæmigert er að nemendur á viðbótarstigi séu eldri en á framhaldsskólastigi.</p>	<p>Að jafnaði hafa nemendur sem hefja nám á viðbótarstigi lokið námi á framhaldsskólastigi.</p> <p>Námstími: Dæmigert lengd náms á viðbótarstigi í fullu námi getur verið frá sex mánuðum upp í tvö ár.</p>	<p>Fyrsta tegund náms sem fellur undir viðbótarstig er nám þar sem innihaldið gerir það að verkum að ekki er unnt að skilgreina námið sem nám á háskólastigi eða að námstíminn er ekki nægjanlega langur til að falla undir ISCED-stig 5B (a.m.k. tvö ár í fullu námi).</p> <p>Nám á þessu stigi er að jafnaði miðað við nemendur sem lokið hafa framhaldsskólastigi, þó að þess sé ekki endilega formlega krafist að nemendur hafi lokið námi á því stigi.</p> <p>Önnur tegund náms sem fellur undir viðbótarstig er nám sem samkvæmt uppbyggingu innlenda skólakerfisins er á framhaldsskólastigi, jafnvel þó að nemendur á þessu stigi hafi þegar lokið námi í framhaldsskóla.</p>	<p>A Nám á viðbótarstigi sem miðar að því að veita aðgang að fræðilegu háskólanámi (5A).</p> <p>B Nám á viðbótarstigi sem miðast við að veita aðgang að starfsmiðuðu háskólanámi (5B).</p> <p>C Nám á viðbótarstigi sem miðar ekki að því að veita aðgang að fræðilegu eða starfsmiðuðu háskólanámi. Þetta nám leiðir beint til starfa á vinnumarkaði eða til frekara náms á viðbótarstigi.</p>	<p>G Námsskipan gerir ekki sérstaklega ráð fyrir sérþjálfun til tiltekinna starfa eða iðna, né til undirbúnings fyrir starfsmennta- eða tækninám. Minna en fjórðungur námsinnihalds er starfs- eða tækninám.</p> <p>P Námsskipan miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá fyrir frekara starfsnám. Námið veitir ekki réttindi á vinnumarkaði. Það er starfs- eða tækninám að einum fjórðungi hið minnsta.</p> <p>V Nám sem undirbýr nemendur undir þátttöku á vinnumarkaði, án frekari þjálfunar, til að vinna við tileikin störf. Námslok á þessu stigi veita tiltekin starfsréttindi á vinnumarkaði.</p>
5	HÁSKÓLASTIG	Flokkunarskilyrði ISCED-stiga 5A og 5B		Samanlögð lengd náms-tíma á háskólastigi skv. námsskipan	Gráðuröð skv. innlendra námsskipan
	<p>Innihald náms á háskólastigi er á hærra menntunarstigi en það nám sem flokkast á framhaldsskóla- og viðbótarstig.</p> <p>5A Fræðilegt háskólanám. Nám á ISCED-stigi 5A er að verulegu leyti fræðilegt og markmið þess er að þjálfna hæfni sem veitir rétt til aðgangs að rannsóknarnámi og að störfum þar sem krafist er sérþekkingar á háu stigi.</p> <p>5B Starfsmiðað háskólanám. Nám á ISCED 5B er almennt hagnýttara, tæknilegra eða starfsmiðaðra en fræðilegt háskólanám (5A).</p>	<p>Aðgangur að námi á þessu stigi krefst að jafnaði þess að námi hafi verið lokið á stigi 3A eða 3B eða að sambærilegar kröfur hafi verið uppfylltar á stigi 4A eða 4B.</p> <p>Lágmarks lengd samanlagðs námstíma á háskólastigi skv. námsskipan (miðað við fullt nám) er þrjú ár. Kennslustofnunin þar sem námið fer fram skal vera viðurkennd sem rannsóknarstofnun. Í námi á þessu stigi getur falist rannsóknarverkefni eða rannsóknarritgerð.</p> <p>Námið er í ríkara mæli hagnýttara og starfsmiðaðra en í fræðilegu háskólanámi (5A) og undirbýr námsmenn ekki undir beinan aðgang að doktorsstigi (6). Lágmarks námstími í fullu námi á námsleiðum sem teljast til starfsmiðaðs háskólanáms er tvö ár.</p>	<p>Nám á þessu stigi leiðir til menntunar sem gerð er krafa um í sérfræðistörfum og í rannsóknarnámi.</p> <p>Innihald námsins miðar alla jafna að undirbúningi námsmanna undir tiltekið starfs svið.</p>	<p>A „Flokkun eftir lengd náms: Meðallangt: 3 til <5 ár Langt: 5-6 ár Mjög langt: lengra en 6 ár.“</p> <p>B „Flokkun eftir lengd náms: Stutt: 2-<3 ár Meðallangt: 3-<5 ár Langt: 5-6 ár Mjög langt: lengra en 6 ár.“</p>	<p>A Flokkun: Stutt hagnýtt nám (0); Grunnpróf á háskólastigi (1); Framhaldsgráða á háskólastigi (2); Þriðja námsgráða eða hærri (ekki á Íslandi). Stutt hagnýtt nám (0) í háskóla er ekki talið leiða til námsgráðu skv. flokkunarkerfinu.</p> <p>B Flokkun: Stutt hagnýtt nám (0); Grunnpróf á háskólastigi (1); Framhaldsgráða á háskólastigi (2); Þriðja námsgráða eða hærri (ekki á Íslandi). Stutt hagnýtt nám (0) í háskóla er ekki talið leiða til námsgráðu skv. flokkunarkerfinu.</p>
6	DOKTORSTIG				
	<p>Nám til rannsóknargráðu (doktorsgráðu) á háskólastigi. Námið er framhaldsnám á háskólastigi og miðar að sjálfstæðum rannsóknum.</p>	<p>Á stiginu er gerð krafa um rannsóknarritgerð, sem er hæf til útgáfu, byggð á sjálfstæðum rannsóknum og felur í sér verulegt framlag til þekkingar. Námið er ekki eingöngu byggt á námskeiðum.</p>	<p>Undirbýr námsmenn undir rannsóknar- og/eða kennarastöður við háskóla sem bjóða upp á fræðilegt háskólanám (5A) og jafnframt rannsóknarstöður hjá hinu opinbera og í atvinnulífinu.</p>		